

Ed.

628. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46/1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Frá 1 apríl 1943 til 1. ágúst 1943 skal greiða meðalmeðgjöf með óskilgetnum börnum sem hér segir:

Greiða skal meðalmeðgjöf þá, sem ákveðin er með auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. sept. 1940, að viðbætti 10% uppbót. Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu apríl til júlí 1943. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga skal greiða uppbót á meðalmeðgjöf þá, sem í gildi var frá 1. ágúst 1942 til 31. marz 1943 samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 10. sept. 1942.

Uppbót þessi er mismunurinn á meðgjöf þeirri, sem um getur í 1. mgr., og meðalmeðgjöf samkvæmt auglýsingu félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. sept. 1940, með 10% viðbót og verðlagsuppbót af hvorutveggja hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1942 til marz 1943.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Mæðrastyrksnefndarinnar í Reykjavík, og vísast til erindis hennar, sem hér fer á eftir.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur við frumvarpið.

Fylgiskjal.

MÆÐRASTYRKSNEFNDIN REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. febrúar 1943.

Til Alþingis.

Vorið 1941 sendi Mæðrastyrksnefndin Alþingi áskorun um það, að verðlagsuppbætur skyldu greiddar á barnsmeðlög mánaðarlega skv. vísitölu undanfarandi mánaðar. Alþingi vildi ekki verða við þeirri beiðni, að uppbæturnar skyldu greiddar mánaðarlega, en samþykkti lög um það, að meðlög skyldu ákveðin til eins árs í senn, í fyrsta sinn frá 1. ágúst 1941 til 31. júlí 1942, í stað þess að áður voru meðlögin

ákveðin fyrir þriggja ára tímabil, frá 14. maí. Skyldu meðlögin nú ákveðin samkvæmt vísitölu undanfarandi mánaðar, en nokkur uppbót veitt fyrir fyrra ár: „auk þess tekið tillit til þess, að eigi voru greiddar verðlagsuppbætur næsta verðlagsár á undan“.

Lög þessi gengu þegar í gildi, og 1. ágúst 1941 voru meðalmeðlög hækkuð um land allt. Til dæmis voru meðlög í Reykjavík með börnum á aldrinum 1—4 og 7—14 ára hækkuð upp í 73 krónur á mánuði, úr 50 krónum (frá 14. maí 1940, er meðlagið hafði hækkað úr kr 42.50 á mánuði). Það meðlag, er gekk úr gildi 14. maí 1940 og ákveðið hafði verið 1937, var þó lagt til grundvallar og skoðað „fyrir-stríðsmeðlag“, sem meðlagsuppbæturnar skyldu falla á. Nú í sumar var meðlagið fyrir þessa aldursflokka barna hækkað upp í 84 krónur á mánuði í Reykjavík, og var í þeirri upphæð reiknuð nokkur hækkun, 19% af grunnmeðlagi, tæpar 8 krónur á mánuði, fyrir vangreiddar verðlagsuppbætur á meðlagsárinu 1. ágúst 1941 til 31. júlí 1942.

Það liggur í augum uppi, hve ófullnægjandi þessi upphæð er með þeirri dýrtíð, sem nú er, og þótt verðlagsuppbót fái næsta sumar og verði svo greidd á næstu 12 mánuðum, kemur það að litlu haldi fyrir þau börn, sem líða skort nú vegna hins lága meðlags. Enda mun Alþingi, er frumvarp þetta var samþykkt, ekki hafa búizt við svo gífurlegum breytingum á verðlagi, sem orðið hafa síðan.

Kröfur launþega hafa verið viðurkenndar, og hefur 30% uppbót komið á öll grunnlaun, lægri en 200 kr., og 25% á hærri laun. Ef grunnmeðlagið frá 14. maí 1937 væri hækkað á þennan hátt, og auk þess bætt við dýrtíðaruppbót skv. vísitölu, væri meðlagið fyrir febrúarmánuð í Reykjavík, í flokkum þeim, sem við höfum tekið til dæmis, kr. 150.28 auk viðbótarinnar vegna vangreiddrar dýrtíðaruppbótar á undanfarandi meðlagsári (19%), tæpum 8 krónum, sem er innifalin í núverandi mánaðar-meðlagi, 84 krónum.

Allir sjá, að þetta þarf bráðra breytinga. Barnsfeður hafa fengið grunnkaups-hækkun (30% og 25%), og væntum við þess, að hið háa Alþingi fallist á, að sanngjarnt sé, að sams konar hækkun komi á meðlögin.

Mæðrastyrksnefnd skorar því á Alþingi að breyta nú þegar lögnum á þá leið, að 30% grunnhækkun komi á meðlögin frá 1. júlí s. l., og sé hækkun samkvæmt vísitölu reiknuð af þeirri upphæð frá sama tíma. Meðlög séu greidd mánaðarlega með hækkun skv. vísitölu undanfarandi mánaðar, eins og á sér stað um kaupgjald. Mis-munurinn á meðlagsgreiðslum samkvæmt þessu og greiðslum þeim, sem farið hafa fram skv. síðustu ákvörðun um meðlag, svo og eftirstöðvarnar af vangreiddum verðlagsuppbótum frá árinu 1. ág. 1941—31. júlí 1942, sé greiddur í einu lagi, og falli sú fúlga í gjalddaga um leið og meðlagið er komið á sama grundvöll og kaupgjald, frá 1. febrúar þ. á. Mundi það koma sér miklu betur fyrir mæðurnar að fá uppbót þessa greidda í einu lagi heldur en að fá hana ekki fyrr en 1. ágúst í sumar, og þá á 12 mánuðum.

Væntum við, að hið háa Alþingi viðurkenni réttmæti þessarar kröfu. Enda væntum við, að Alþingi sé ljóst, að erfitt verður að innheimta meðlög hjá barnsfeðrum, ef kaupgjald lækkaði, en eftir stæðu vangreiddar verðlagsuppbætur fyrra árs, sem greiðast ættu af hinu lækkaða kaupi. Það virðist því vera sameiginlegt hagsmunamál beggja aðila, mæðra og feðra barna þeirra, er um er rætt, að lögnum verði breytt á þá leið, sem við höfum farið fram á.

Virðingarfyllst

f. h. Mæðrastyrksnefndar.

Laufey Valdimarsd. Guðrún Pétursdóttir. Kristín L. Sigurðardóttir.
Unnur Skúladóttir. Steinunn Bjartmarsdóttir.